



Viðbragðsáætlun vegna eineltis

Einelti er ekki liðið í Ártúnsskóla og innan skólans vinnur starfsfólk markvisst gegn einelti með fjölbreyttum leiðum. Lögð er áhersla á að byggja upp jákvæð samskipti milli nemenda og lagt er upp með að öllum líði vel innan skólans. Öll börn eiga rétt á því að vera hluti af hópnum sem þau eru í, fá að taka þátt í því sem hópurinn er að gera og að aðrir hlusti og taki mark á því sem þau eru að segja. Öll börn eiga rétt á því að það sé komið vel fram við þau og öll börn eiga að koma vel fram við aðra. Þegar ekki er jafnrétti innan hóps þá getur einelti orðið til, en einelti er ofbeldi og er aldrei í lagi.

Skilgreining á einelti

Einelti er síendurtekin og langvarandi og hegðun sem er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður (Velferðarráðuneytið, 2016). Þessi hegðun felur í sér að einn eða fleiri einstaklingar níðast á öðrum einstakling með það að markmiði að niðurlægja, særa, mismuna eða ógna honum og veldur þessi hegðun vanlíðan hjá þeim einstakling sem hún beinist að. Hér er ekki átt við skoðanaskipti eða samskipti á milli jafningja heldur beinist þessi neikvæða hegðun að einstakling sem kemur ekki vörnum við og gjarnan á sér stað misbeiting valds þar sem gerandi/ur beita hótunum, ofbeldi eða útskúfun.

Birtingamynd eineltis

Einelti hefur margvíslegar myndir og getur verið;

- **Munnlegt:** uppnefni, stríðni, niðurlægjandi athugasemdir, hvísl, flissað og hlegið að þolanda.
- **Skriflegt:** rafræn skilaboð á ýmsum miðlum, t.d. facebook, instagram, SnapChat, sms, bréfa- og miðasendingar.
- **Líkamlegt:** barsmíðar, spörk, hrindingar.
- **Efnislegt:** eigum þolanda er stolið, þær skemmdar, faldar, farið illa með þær
- **Andlegt:** þolandi er þvingaður til þess að gera eitthvað sem stríðir gegn réttlætiskennd hans og sjálfsvirðingu, er látinn gera eitthvað ósæmilegt fyrir sterkari/eldri aðila.



- **Félagslegt:** Polandi er skilin útundan, þarf að þola svipbrigiði, augngotur, þögn, algjört afskiptaleysi, logið er upp á hann.

Foreldrar sem verða varir við erfið samskipti eða einelti geta haft samband við umsjónarkennara barns, námsráðgjafa skólans eða skólastjórnendur. Grun um einelti skal tilkynna á sérstöku eyðublaði sem má finna á heimasíðu skólans.

Viðbragðsáætlun

1. Tilkynnt um einelti

Þegar skólanum berst tilkynningum um meint einelti þá virkjast viðbragðsteymi skólans. Í því sitja skólastjórnendur, námsráðgjafi, umsjónarkennari þolanda ásamt deildarstjóra barns og forstöðumanni skólasels þegar það á við. Allir geta tilkynnt um grun á einelti, þar á meðal starfsmenn skólans, foreldrar og nemendur.

2. Athugun

Umsjónarkennari/deildarstjóri upplýsir foreldra þeirra barna sem nafngreind eru í tilkynningunni að nafn viðkomandi barns hafi komið fram og að málið sé á könnunarstigi. Umsjónarkennari/deildarstjóri ásamt námsráðgjafa (þegar mál koma upp innan grunnskólans) ræða einslega við meintan þolanda til að afla frekari upplýsinga. Skólastjórnandi ásamt námsráðgjafa/deildarstjóra ræða einslega við meintan geranda/gerendur. Teymið aflar frekari upplýsinga hjá starfsfólki skólans og skólasels þegar það á við. Einnig getur verið að rætt við aðra nemendur til að fá skýrari mynd af aðstæðum. Teymið skráir niður ferlið og fylgst er með líðan meints þolanda. Að lokum er metið hvort að um einelti sé að ræða, hverjir séu aðilar að málinu og foreldrar málsaðila eru upplýstir um framvindu málsins. Þessi athugun skal ekki taka lengri tíma en eina viku.

3. Úrvinnsla

Ef grunur um einelti er staðfestur eru foreldrar gerenda boðaðir á fund með viðbragðsteymi og farið yfir málið. Starfsmenn skólans eru upplýstir um málið og beðnir um að fylgjast með samskiptum málsaðila. Umsjónarkennari/deildarstjóri sendir foreldrum í bekknum/árgangnum/deildinni tölvupóst, ef þurfa þykir, með upplýsingum um að komið hafi upp eineltismál innan skólans og að verið sé að vinna í málinu. Meta skal í samráði við þolanda og foreldra hans hvort að nafn hans verði gefið upp og hvort nemendur fái



upplýsingar um málið. Einnig er foreldrum þolenda og gerenda kynnt þjónusta skólans og þjónustumiðstöðvar. Viðkomandi foreldrar veita leyfi, eftir eðli málsins hvort vísa skuli málinu í farveg utan skóla, til þjónustumiðstöðvar eða til annara sérfræðinga. Þeir veita einnig leyfi til þess að vísa málinu til nemendaverndarráðs. Eftir að leyfi hafa fengist hjá foreldrum málsaðila þá er tekið ákvörðun um hvaða fræðslu og inngripum skal beita til þess að uppræta eineltið. Inngripin geta falist í því að veita þolenda aukin stuðning á skólatíma og finna leiðir til þess að bæta hegðun geranda. Umsjónarkennari/deildarstjóri ásamt námsráðgjafa (þegar það á við) vinna með bekknum að bættum samskiptum og viðbragðsteymið metur hverju sinni hvaða fræðsla og inngrip henta hópnum best. Þessi vinna skal ekki taka lengri tíma en einn mánuð.

4. Eftirfylgni

Viðbragðsteymið fer yfir það sem hefur verið gert og hvaða árangri sú vinna hefur skilað. Teymið boðar foreldra þolenda á fund u.þ.b. mánuði eftir að vinnu lýkur, farið er yfir málið og staðan á því tekin. Viðbragðsteymið fer yfir það sem gert hefur verið og hvaða árangri sú vinna hefur skilað og það er tekin ákvörðun um framhaldið. Foreldrar geranda eru einnig upplýstir um stöðuna. Ef vinnan er ekki að skila sér sem skyldi áskilur skólinn sér rétt til þess að leita til utanaðkomandi aðila eftir aðstoð.

7. Lokun máls

Hafi tekist að stöðva eineltið skal hafa samband við foreldra þolenda og geranda að hálfu ári liðnu og er málinu lokað í samráði við þá. Námsráðgjafi/aðstoðarleikskólalastjóri sendir skilaboð á alla málsaðila um að málinu hafi verið lokað og Umsjónarkennari upplýsir nemendur bekkjarins og foreldra þeirra um málslok og árangurinn hafi þeir fengið vitneskju um málið.

Hafa ber í huga að hvert tilvik hefur sín sérkenni og sú aðferð sem notuð er við að brjóta upp einelti og leysa það farsælliga á einum stað, á ekki endilega við á öðrum stað. Þessi áætlun er sveigjanleg og viðbragðsteymið metur hverju sinni hvort ástæða sé til að bregða út af henni á einhvern hátt. Sé það upplifun foreldra að það hafi ekki fengið hlustun skólavalda vegna eineltis sem barn þeirra hafi orðið fyrir eða þeir telji að málinu hafi ekki verið sinnt sem skyldi geta þeir leitað til Austurmiðstöðvar eða til Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.